

## FUNDARGERÐ

Árið 2016, föstudaginn 16. desember kl. 11:30 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör í innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Tinnu Dahl Christiansen og Bergi Sigurjónssyni.

Fjarverandi var Elín Gunnarsdóttir, starfsmaður Jöfnunarsjóðs.

Fundargerð rituðu Guðni Geir Einarsson og Bergur Sigurjónsson.

Að auki sat Tryggvi Þórhallsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fundinn þegar fjallað var um framlög vegna sérstakra verkefna í tengslum við Fölís.

Gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð 2. desember 2016

Lögð var fram fundargerð frá 2. desember 2016 til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Fundargerðin var samþykkt án athugasemda og undirrituð.*

### 2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2016

Endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun 2016 var lögð fram á grundvelli fjáráukalaga 2016. Umtalsverðar hækkanir hafa orðið á lögbundnum framlögum sjóðsins frá fjárlögum 2016 eða um 1.536 m.kr. Áætlaðar heildartekjur sjóðsins á árinu 2016 nema nú 44.474 m.kr. Til viðbótar er síðan um að ræða óhafin framlög frá fyrra ári að fjárhæð 365 m.kr.

Hvað gjaldahlið áætluninnar varðar þá nema áætluð gjöld 44.665 m.kr. og óráðstafað eru þá 318 m.kr. Samþykkt var að halda eftir óráðstöfuðum fjármunum og þeir verða því færðir yfir á næsta ár sem eigið fé.

Fram kom að í lögum um tekjustofna sveitarfélaga sé kveðið á um að þeir fjármunir sem eftir verða í sjóðnum af lögbundnum framlögum frá ríki, þegar úthlutun til bundinna og sérstakra framlaga hefur farið fram, skuli renna til tekju- og útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins.

*Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu um að útgjaldajöfnunarframlög sjóðsins yrðu hækkuð úr 6.850 m.kr. í 8.400 m.kr. og áætluð heildargjöld nema því 44.983 m.kr.*

### 3. Umsókn um framlag vegna sérstakra verkefna – 11. gr. rgl. Nr. 960/2010

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 23. nóvember 2016. Í erindinu er óskað eftir 10 m.kr. árlegu framlagi til Fjölís vegna samnings um notkun á höfundarréttarvörðu efni í stjórnarsýslu sveitarfélaga, sbr. a-lið 1. mgr. 11. gr. rgl. nr. 960/2010 með heimild í f-lið 7. gr. rgl. 267/2013.

Erindið var tekið til umfjöllunar á fundi nefndarinnar 2. desember sl. þar sem ákveðið var að skoða samninginn frekar út frá skilgreindu lögbundnu hlutverki sjóðsins og að fulltrúar Sambandsins yrðu fengnir á fund nefndarinnar.

Tryggvi Þórhallsson frá Sambandinu fjallaði um það hagræði sem fælist í því fyrir sveitarfélögin ef Jöfnunarsjóður kæmi að greiðslu árlegs framlags fyrir hönd sveitarfélaganna til Fjöls. Fyrirkomulagið fæli það í sér að sparast myndi umsýslukostnaður í rekstri sveitarfélagann vegna greiðslna fyrir notkun á höfundarréttarvörðu efni í stjórnsýslu sveitarfélaganna.

*Í umfjöllun um erindið kom fram það mat ráðgjafarnefndarinnar að erindið félli ekki undir heimildir í a-lið 11. mgr. rgl. nr. 960/2010 hvað framlög sjóðsins til sérstakra verkefna varðar. Samþykkti nefndin því að erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga væri hafnað.*

#### **4. Jöfnun á tekjutapi vegna fasteignaskatts**

Uppgjör framlaganna

Á fundi ráðgjafarnefndar 24. júní 2016 var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu uppgjóri framlaga til jöfnunar á tekjutapi sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti á árinu 2016 samkvæmt reglugerð, nr. 80/2001 með síðari breytingum. Tillagan byggði á upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands um álagningarstofna fasteignaskatts í sveitarfélögum 31. desember 2015, þar sem tekið er tillit til aðlögunar að breytingum á fasteignamati vegna atvinnuhúsnæðis, ásamt upplýsingum um álagningarprósentur sveitarfélaga á fasteignaskatti á árinu 2016 og upplýsingum um afslætti til elli- og örorkulífeyrisþega á árinu. Uppgjör framlaganna fór fram mánuðina júlí – september sl.

*Með tilvísun til hækkunar á lögbundnu framlagi frá ríki á fjárukalögum 2016, er nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs, hækkaði ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til greiðslu framlaganna úr 3.940,6 m.kr. í 4.110,1 m.kr. eða um 169,5 m.kr. Ráðgjafarnefndin samþykkti því að leggja til að uppgjör framlaga vegna jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts á árinu 2016 tæki mið af 169,5 m.kr. sem kæmu til greiðslu fyrir áramót.*

### **YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS**

#### **5. Tekjujöfnunarframlög**

Endurskoðun og uppgjör framlaganna

Á fundi ráðgjafarnefndar 21. október sl. var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2016, sbr. 12. gr. reglugerðar, nr. 960/2010. Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins til greiðslu framlaganna samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að sveitarfélög væru hækkuð upp í 95,34% af meðaltekjum í viðkomandi viðmiðunarflokki. Til úthlutunar kom framlag að fjárhæð 1.250,0 m.kr. og komu  $\frac{3}{4}$  hlutar framlagsins til greiðslu í október eða samtals 937,5 m.kr.

Lögð var fram á fundinum til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endurskoðuðum útreikningi og úthlutun framlaganna á grundvelli leiðréttrar skrár um skatttekjur sveitarfélaga.

*Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að tillagan væri tekin til greina og að sveitarfélög væru hækkuð upp í 95,48% af meðaltekjum í viðkomandi flokki. Með tilvísun til þessa verður heildarúthlutun framlaganna 1.249,1 m.kr. Eftirstöðvar framlagsins að fjárhæð 311,5 m.kr. koma til greiðslu fyrir áramótin.*

**6. Útgjaldajöfnunarframlög 2016**  
Endurskoðun og uppgjör framlaganna

Á fundi ráðgjafarnefndar 18. mars 2016 var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð tillaga að úthlutun útgjaldajöfnunarframlaga fyrir árið 2016, skv. 13. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, samtals að fjárhæð 6.850,0 m.kr. Fjárhæð framlaganna á grundvelli A-hluta námu 6.100,0 m.kr. og 750,0 m.kr. á grundvelli B-hluta.

Á fundinum nú var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð tillaga að úthlutun framlaganna vegna ársins 2016.

Við endurskoðun framlaganna nú er tekið mið af hámarkstekjum á íbúa í hverju sveitarfélagi miðað við forsendur endanlegra tekjujöfnunarframlaga ársins 2016. Á grundvelli aukins ráðstöfunarfjármagns á árinu samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu um hækkun á úthlutun framlaganna um 1.550,0 m.kr., sbr. umfjöllun hér að framan undir liðnum greiðslu- og rekstraráætlun 2016.

Með tilvísun til þessa nema endanleg útgjaldajöfnunarframlög ársins 8.400,0 m.kr., 7.645,2 m.kr. á grundvelli A-hluta og 754,8 m.kr. á grundvelli B-hluta.

**7. Auknar tekjur vegna sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki**

Á árinu 2014 var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Annars vegar var um að ræða ákvæði um fjölgun fulltrúa í ráðgjafarnefnd úr 5 í 7 með tilkomu fulltrúa frá Reykjavíkurborg og af höfuðborgarsvæðinu og gekk sú breyting eftir.

Hins vegar var um að ræða ákvæði um að auknum tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, vegna álagningar sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki (svonefnds bankaskatts), yrði úthlutað til sveitarfélaga í samræmi við hlutdeild þeirra í heildarútsvarsstofni til að veða á móti þeim áhrifum sem lög um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar hafa á útsvarstekjur sveitarfélaganna.

Fram kom á fundinum að frumvarpið hvað varðar bankaskattinn hafi ekki orðið að lögum á Alþingi og ljóst að það yrði ekki að lögum á yfirstandandi þingi, 146. löggjafarþingi. Í ljósi þessa urðu nokkrar umræður í nefndinni með hvaða hætti best væri að standa að málinu.

*Ákveðið var að fresta ákvörðun um dreifingu þess fjármagns sem tilheyrir auknum tekjum sjóðsins vegna skatts á fjármálafyrirtæki til næsta fundar þann 27. desember 2016.*

**8. Sameiningar sveitarfélaga**  
**Sérstakt framlag vegna skerðingar á jöfnunarframlögum í kjölfar sameiningar**

Á grundvelli e-liðar 1. gr. reglna, nr. 295/2003, um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga er greitt sérstakt framlaga í fjögur ár frá sameiningarári að telja er nemur samtals þeirri skerðingu sem verður á tekju- og útgjaldajöfnunarframlögum til sveitarfélaga í kjölfar sameiningar.

Að teknu tilliti til þeirrar skerðingar sem varð á útgjaldajöfnunarframlögum til sameinaðs sveitarfélags Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness á árinu 2013 og þeirrar fjárhæðar sem varið er til úthlutunar á grundvelli A-hluta framlaganna í ár, 7.645,2 m.kr. næmi endanlegt framlag ársins 149,5 m.kr.

*Ráðgjafarnefndin samþykkti því að leggja til að úthlutun framlagsins til Garðabæjar á grundvelli e-liðar 1. gr. reglna nr. 295/2003 nemi 149,5 m.kr. á árinu 2016.*

### **Framlög vegna endurskipulagningar á þjónustu og stjórnsýslu sveitarfélaga**

Á grundvelli f-liðar 1. gr., sbr. c-lið 3. gr. reglna nr. 295/2003 eru greidd framlög í allt að 5 ár til endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu í nýju sveitarfélagi.

Skil á greinargerð um framgang áforma um endurskipulagninguna er forsenda þess að framlag ársins komi til greiðslu að fullu. Lögð var fram til kynningar greinargerð frá Húnaþingi vestra vegna sameiningar á árinu 2012. Fram kom að samþykkt framlag til sameinaðs sveitarfélags hafi verið 36 m.kr. vegna endurskipulagningar á þjónustu og hafi 34,2 m.kr. nú þegar komið til greiðslu.

*Á grundvelli greinargerðar sveitarfélagsins samþykkti nefndin 1,8 m.kr framlaga til Húnaþings vestrar vegna ársins 2016.*

### **9. Framlög vegna eflingar tónlistarfræðslu Framlög vegna langtímaforfalla – 6. gr. reglna**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Reykjavíkurborgar dags. 1. júlí 2016 þar sem óskað er eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli 6. gr. reglna um framlög úr sjóðnum til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda.

*Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að erindi Reykjavíkurborgar væri tekið til greina. Framlag að fjárhæð 6.632.671 kr. kemur til greiðslu á næstu dögum.*

### **Yfirlýsing grunnskólans**

### **10. Kennsluráðgjafi í nýbúafræðslu**

Lögð voru fram til umfjöllunar drög að samningi Menntamálastofnunar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og innanríkisráðuneytisins vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Samningsdrögin byggja á eldri samningi milli Reykjavíkurborgar, Sambandsins og Jöfnunarsjóðs sem tryggja eiga stuðning og ráðgjöf við kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál í leik- og grunnskólum utan Reykjavíkur.

Helsta breytingin í drögum að nýjum samningi er að gert er ráð fyrir að sá starfsmaður sem hefur með ráðgjöfina að gera flytji starfsstöð sína frá Reykjavíkurborg til Menntamálastofnunar. Fram kom að unnið sé að því að gera breytingu á 5. gr. reglugerðar nr. 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs til reksturs grunnskóla vegna þessa.

*Ráðgjafarnefndin gerði ekki athugasemdir við drög að nýjum samningi.*

### **Yfirlýsing á málefnum fatlaðs fólks**

### **11. Reykjavíkurborg Umsókn á grundvelli 4.gr. rgl. nr. 179/2016**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Reykjavíkurborgar, dags. 7. nóvember sl., þar sem sótt er um framlag á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 179/2016 vegna þjónustu við fatlað fólk.

Sótt er um framlag vegna eftirfarandi verkefna:

- A. Tilraunaverkefni um stuðning- og ráðgjafarteymi til stuðnings fötluðu fólki með flóknar og samsettar greiningar í sértækum húsnæðisúrræðum í Reykjavík. Sótt er um styrk að fjárhæð 5 m.kr.
- B. Aðgerðir til að bregðast við niðurstöðum sérfræðiteymis um aðgerðir til að draga úr nauðung og þvingun í vinnu með fötluðu fólki. Sótt er um styrk að fjárhæð 35 m.kr.

*Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að erindi Reykjavíkurborgar hvað a. lið umsóknarinnar varðar væri tekið til greina. Samþykkt var framlag til sveitarfélagsins að fjárhæð 5 m.kr.*

## 12. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Í kjölfar fundar ráðgjafarnefndar með ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2. desember sl. þar sem til umræðu var framtíðarhlutverk Fasteignasjóðsins var rætt stuttlega um þær tillögur sem lagðar voru fram á þeim fundi af hálfu fulltrúa í ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðsins.

*Ákveðið var að ræða mál er varðar framtíð Fasteignasjóðsins frekar á næsta fundi.*

## 13. Almenn framlög ársins 2017

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir áætluð framlög ársins 2017 vegna málefna fatlaðs fólks. Áætlunin byggir á samþykkt ráðgjafarnendar frá 2. desember sl. um að vægi breyta framlaganna séu með eftirfarandi hætt:

- A. Jöfnun á grunni stuðningsþarfar 87%
- B. Vægi útsvars 12%
- C. Innviðir – fjarlægðir og fjöldi sveitarfélaga á svæðum 1%

Þá er gert ráð fyrir því á árinu 2017 að reiknuð útgjaldþörf vegna 4. flokks og ofar verði á grundvelli raunkostnaðar, ef raunkostnaður er lægri en 12,5% af einingaverði SIS flokks.

## 14. Endanleg áætluð almenn framlög ársins 2016

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endanleg áætlun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016. Breytingar frá fyrri áætlun eru eftirfarandi:

Búið er að uppfæra stöðu þjónustunnar hjá sveitarfélögum/þjónustusvæðum að teknu tilliti til:

- A. Nýliðunar í málaflokknum
- B. Framkvæmd nýrra SIS mata
- C. Framkvæmd endurmat á SIS mötum

Þá hafa tekjur af útsvarshækkun sem tilheyrir yfirfærslunni verið uppfærðar að teknu tilliti til endanlegra útsvarstekna árið 2015 og launabreytinga á árinu 2016.

*Ráðgjafarnefndin samþykkti framlagaða tillögu að endanlegu áætluðu framlagi ársins 2016.*

## 15. Breiðdalshreppur

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Breiðdalshreppi til innanríkisráðuneytisins um framlengingu á samkomulagi ráðuneytisins og sveitarfélagsins sem verið hefur í gildi frá því í ársbyrjun 2015. Jafnframt var lögð fram umsögn eftirlitsnefndar með fjármálum um málið og erindi innanríkisráðuneytisins, þar sem lagt er til að Jöfnunarsjóður veiti fjárhagslegan stuðning til verkefnisins, á grundvelli b. liðar 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010, allt að 15 m.kr. á næsta ári.

*Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að beiðni innanríkisráðuneytisins um úthlutun framlags til Breiðdalshrepps vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar í sveitarfélaginu væri tekin til greina og að til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð allt að 15 m.kr. á grundvelli b. liðar reglugerðar, nr. 960/2010. Framlagið kemur til greiðslu eftir framgangi verkefnisins að fenginni greinargerð frá sveitarfélaginu.*

**Næsti fundur**

Næsti fundur var ákveðin 27. desember kl. 10.00

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásgerður Gylfadóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Bjarni Jónsson

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Sigríður Huld Jónsdóttir

---

Valdimar O. Hermannsson